



Hörgársveit

Fréttabréf

12. nóvember 2013 4. árgangur 22. tölublað

„Kelikompa“ verður samverustaður íbúa

Í svokallaðri „kelikompu“ í Þelamerkurskóla er verið að útbúa samverustað fyrir íbúa sveitarfélagsins, núverandi og brottflutta. Þar geta þeir hist og átt góða stund saman við ýmis konar iðju. Til að byrja með er stefnt að því að hittast einu sinni til tvisvar í mánuði þar sem fólk kemur saman og tekur sér fyrir hendur það sem það hefur áhuga á, t.d. ýmis konar handverki, spilamennsku eða bara til að spjalla. Áætlað er að sýna aðstöðuna og kynna nánar hugmyndir að starfseminni á afmælishátíð skólans 20. nóvember nk.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest 😊
Undirbúningshópurinn

Húsgögn í „kelikompu“ óskast

Ef fólk getur séð af húsgögnum sem gætu hentað í kelikompana er það vinsamlega beðið að hafa samband við Sigu í Príhýrningi í síma 894 4355 eða Boggu í Stóra-Dunhaga í síma 659 2405

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Meningarráð Eyþings auglýsir til umsóknar verkefnastyrki til menningarstarfs á Norðausturlandi



Meningarráð Eyþings auglýsir eftir umsóknum um styrki á grundvelli samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis við Eyþing. Tilgangur styrkjanna er að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

Áherslur ársins 2014

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðarlaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra
- Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema, og leikmanna
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu/ferðaþjónustutengdrar menningar
- Verkefni sem fela í sér listsköpun fólks á aldrinum 18-25 ára
- Verkefni eða aðilar sem ekki hafa fengið stuðning menningarráðs áður
- Verkefni sem fela í sér samstarf við önnur lönd á sviðið menningar og lista

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2013. Úthlutun fer fram í febrúar meðfyrirvara um samþykki Alþingis.

Styrkþegar verða að hafa skilað inn greinargerð vegna fyrri verkefna til þess að geta sótt um vegna ársins 2014. Ein úthlutun verður á árinu 2014. Verkefnum sem hljóta styrki þarf að vera lokið fyrir árslok 2014.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Eyþings á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings www.eything.is eða hjá menningarfulltrúa Eyþings, Strandgötu 29, 3. hæð. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur menningarráðs á heimasíðu Eyþings www.eything.is

Meningarráð Eyþings auglýsir stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála (styrkir sem Alþingi veitti áður)

Meningarráð Eyþings auglýsir nú í þriðja sinn eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli viðauka menningarsamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við Eyþing.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2013. Úthlutun verður í febrúar með fyrirvara um samþykki Alþingis. Nánar á heimasíðu Eyþings, www.eything.is.

Nánari upplýsingar, bæði um verkefnastyrki og um stofn- og rekstrarstyrki, veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi í síma 464 9935 og 862 2277 eða á netfangið menning@eything.is